




SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

VÍNARTÓNLEIKAR

10., 11. & 12. JANÚAR 2013





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru hljóðritaðir og verða sendir út á Rás 1 sunnudaginn 13. janúar og verða aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is.

Áætluð tímalengd tónleikanna:

Fyrir hlé: 45'00"

Eftir hlé: 50'00"

Söngtextar eru á bls. 10.

BAKHJARLAR:



GAMMA

Dans á rósum sér um blómaskreytingar á Vínartónleikunum en blómin koma frá Grænum markaði.

VÍNARTÓNLEIKAR

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 10., 11. OG 12. JANÚAR 2013

Peter Guth hljómsveitarstjóri
Hulda Björk Garðarsdóttir einsöngvari
Snorri Wium gestasöngvari

Johann Strauss yngri	<i>Im Sturmschritt, polka schnell</i>
	<i>Grüß dich Gott du liebes Nesterl, úr Wiener Blut</i>
Johann Strauss eldri	<i>Gitana-Galopp</i>
Joseph Lanner	<i>Die Romantiker, vals</i>
Frédéric Chopin	<i>In mir klingt ein Lied, (úts. Sigurður I. Snorrason)</i>
Johann Strauss yngri	<i>Im Krappfenwaldl, polka française</i>
	<i>Kaiser – Walzer (Keisaravalsinn)</i>

Hlé

Johann Schrammel	<i>Wien bleibt Wien, mars</i>
Franz von Suppé	<i>Forleikur að Spaðadrottningunni</i>
Eduard Strauss	<i>Mit Vergnügen! Með ánægju! polka schnell</i>
Josef Strauss	<i>Mein Lebenslauf ist Lieb' und Lust, vals</i>
Franz Lehár	<i>Gern hab' ich die Frau'n geküsst, úr Paganini</i>
	<i>Meine Lippen, sie küssen so heiß, úr Giuditta</i>
Johann Strauss yngri	<i>An der schönen, blauen Donau, (Dónárvalsinn)</i>
Carl Zeller	<i>Schenkt man sich Rosen in Tirol, úr Fuglasalanum</i>



Peter Guth

hljómsveitarstjóri

Peter Guth er íslenskum tónlistarunnendum að góðu kunnur. Hann stjórnar Vínartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands nú í tólfta sinn sem er mun oftar en nokkur annar hljómsveitarstjóri.

Að loknu námi við Tónlistarháskólann í Vínarborg lá leiðin til Moskvu þar sem hann nam hjá David Oistrakh næstu þrjú árin.

Á gifturíkum ferli hefur Peter Guth komið víða við sem einleikari, kammermúsikant, kennari, rithöfundur og síðast en ekki síst hljómsveitarstjóri. Hann var um árabíl konsertmeistari Útvarps-hljómsveitarinnar í Vínarborg. Árið 1978 stofnaði hann Strauss hátíðarhljómsveitina og hefur leitt hana allar götur síðan með fiðluna í hönd líkt og valsakóngurinn forðum. Sem slíkur hefur Peter Guth stjórnað tugum hljómsveita víða um heim, meðal annars Konunglegu filharmóníuhljómsveitinni í Lundúnum, NHK Sinfóníuhljómsveitinni í Tókýó, San Francisco Sinfóníuhljómsveitinni og Tonhalle hljómsveitinni í Zürich. Þá hefur hann stjórnað nýjum óperettuuppfærslum bæði fyrir leikhús og sjónvarp. Fjölmargir hljómdiskar eru til með flutningi Guths bæði sem fiðluleikara og stjórnanda. Þá fæst hann við kennslu og hefur skrifað bækur um fiðlutækni. Frá árinu 2007 hefur Peter Guth gegnt stöðu aðalgestastjórnanda við Söngleikjahúsið í Sankti Pétursborg.



Hulda Björk Garðarsdóttir

einsöngvari

Hulda Björk Garðarsdóttir sópran er fædd á Akureyri. Eftir nám sitt við Tónlistarskólann í Eyjafirði og Söngskólann í Reykjavík, nam hún við Hochschule der Künste í Berlín og Royal Academy í London þar sem hún lauk einsöngvaraprófi. Síðan námi lauk hefur hún tekið virkan þátt í tónlistarlífinu á Íslandi. Hún hefur sungið á Listahátíð í Reykjavík, verið gestur á Reykholtshátíð, sungið með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og komið fram sem einsöngvari á ýmsum tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, síðast í 9. sinfóníu Beethovens í júní 2012.

Hulda Björk hefur komið fram á tónleikum og sumarhátíðum víða um Evrópu og í Kanada. Hún hefur sungið burðarhlutverk við Norsku óperuna í Osló, Malmö óperuna í Svíþjóð, Garsington Opera í Englandi og við Íslensku óperuna þar sem hún var fastráðin um tíma. Óperuhlutverk hennar eru meðal annars Mimi í *La Bohème*, Governess í *Tökin hert*, Violetta í *La Traviata*, Michaela í *Carmen*, Susanna í *Brúðkaupi Fígarós*, Fiordiligi í *Così fan tutte*, Jenufa í samnefndri óperu Janaceks og Anne Trulove í *Flagara í framsókn*. Fyrir það hlutverk hlaut hún tilnefningu til Grímuverðlaunanna árið 2007. Síðastliðið haust söng hún hlutverk Leonóru í *Il Trovatore*. Nýverið tók Hulda Björk á móti heiðursviðurkenningu ARAM frá Konunglegu tónlistarakadémiunni í Englandi.



Snorri Wium

gestasöngvari

Snorri Wium tenór stundaði nám við Söngskólann í Reykjavík. Að því loknu hélt hann til náms í Vínarborg og lauk diplom-prófi frá tónlistarháskólanum þar í borg árið 1992. Snorri hefur starfað við fjölda óperuhúsa ýmist sem gestur eða fastráðinn söngvari bæði í Austurríki og Þýskalandi. Meðal helstu hlutverka má nefna hlutverk Rodolfo í *La Bohème*, Lionels í *Mörtu* og Hans í *Seldu brúðinni*. Andreas, Cochenille, Franz og Pitichinaccio í *Ævintýrum Hoffmanns*, Pedrillo í *Brottnáminu úr kvennabúrinu*, Loka í *Rheingold* og titilhlutverkið í *Werther*.

Í Íslensku óperunni hefur hann meðal annars sungið hlutverk Dr. Blind í *Leðurblökunni*, Malcolms í *Macbeth*, titilhlutverkið í óperunni *Werther* og hlutverk Don Basilios og Don Curizos í *Brúðkaupi Fígarós*, Pedrillo í *Brottnáminu úr kvennabúrinu* og Tóbíasar Ragg í *Sweeney Todd*. Hann söng hlutverk stýrimannsins í *Hollendingnum fljúgandi* hjá Þjóðleikhúsinu árið 2000. Þá fór Snorri með hlutverk Monostatosar í *Töfraflautunni* hjá Íslensku óperunni haustið 2011.

Um verkin

Það er gaman að velta fyrir sér að Franz Schubert, Joseph Lanner og Johann Strauss eldri voru samtímamenn, allir fæddir í Vínarborg með aðeins fárra ára millibili. Schubert samdi vissulega valsa en Lanner og Strauss gerðu valsinn og aðra sveitadansa að vinsælli danstónlist bæði fyrir almenning og aðalinn. Lanner stofnaði sína eigin hljómsveit á fæðingarári Johans yngri 1825 og lék Johann eldri um tíma í henni. Síðar varð Johann hljómsveitarstjóri við Keisarahirðina og keisara- og konunglegur balltónlistarstjóri. Með hirðhljómsveitinni ferðaðist hann víða um Þýskaland en einnig til Parísar og Lundúna. Strauss og Lanner var oft stillt upp sem andstæðingum og skiptust fylgismenn þeirra í tvo flokka, Straussista og Lannerista. Í raun unnu þessir menn oft saman og verður jafnan minnst sem brautryðjenda hinnar sívinsælu Vínartónlistar. Árið 1928 var garður í Vínarborg nefndur eftir þeim báðum – Strauss-Lanner Park sem er nálægt vínþorpunum Sievering og Grinzing í 19. hverfi Vínarborgar. Schubert bjó ekki langt undan og var aðdáandi bæði þessara staða og tónlistar þeirra Strauss og Lanners.

Tónleikarnir hefjast á hraða polkanum *Im Sturmschritt* (Á fleygiferð), op. 348 úr óperettunni *Indigo und die vierzig Räuber* (Indigo og ræningjarnir fjörutíu) eftir Strauss yngri sem frumsýnd var í Theater an der Wien árið 1871 en sagan er tekin úr Þúsund og einni nótt. Þetta er fyrsta af þrettán fullgerðum óperettum Strauss en eftir hann liggja tvær eldri ófullgerðar. *Wiener Blut* er sú síðasta en er ekki eiginleg Strauss óperetta heldur söngleikur sem byggður er á hinum ýmsu verkum Strauss og er handritið eftir þá Victor Léon og Leo Stein sem síðar skrifuðu handritið að *Káttu ekkju* Lehárs. Í *Wiener Blut* er fjallað um Vínarstúlkuna Gabrielu sem nýverið hafði gíft aðkomumanni, greifanum Zedlau. Fljótlega koma brestir í sambandið og Gabriela yfirgefur eiginmanninn sem í einsemd sinni leitar til hinnar föggu Fransisku Cagliari. Þegar Gabriela fréttir þetta snýr hún heim og fljótlega greiðist úr öllum flækjum. Sagan endar vel og er skuldinni skellt á hið ólíka blóð sem rennur í æðum hjónakornanna. Það er við heimkomuna sem Gabriela syngur ariuna *Grüss dich Gott du liebes Nesterl* (Komdu nú sælt, hreiðrið mitt kæra).

Gítana Galopp, op. 108 samdi Johann Strauss eldri (1804-1849) árið 1840 og er þetta einn af þrettán polkum höfundarins en alls urðu verkin 215, valsarnir 152, quadrillurnar 32 og marsarnir 18 og er sá frægasti að sjálfsgöðu *Radetzkyarsinn*. Joseph Lanner (1801-1843) samdi líka rúmlega tvö hundruð verk og er valsasyrpan *Die Romantiker* númer 167 í röðinni.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Willi Boskovski, konsertmeistari Vínarfílharmóníunnar til margra ára og sá maður sem oftast hefur stjórnad nýárstónleikum hljómsveitarinnar kom tvisvar sinnum til Íslands og stjórnaði Vínartónleikum Sínfóníuhljómsveitar Íslands. Í fyrra skiptið árið 1972 var stutt viðtal við hann í Morgunblaðinu. Þar sagði hann meðal annars: „Strauss tónlistin verður að vera spiluð af mikilli fágun til þess að fólk geti notið hennar sem góðrar tónlistar. Ef ekki er vandað til flutnings verður þessi tónlist líkust kaffihúsatónlist.“

Hugsanlega hefur Frédéric Chopin (1810-1849) hitt Strauss eldri í París en vitað er að Paganini, Berlioz og Mayerbeer sóttu tónleika Vínarbúans og voru miklir aðdáendur. Varla hefur þó Chopin dottið í hug að etýðan hans í E-dúr, op. 10, nr. 3 ætti eftir að heyrast á tónleikum innan um valsa, marsa og polka. Það var hinn þekkti austurríski kvikmyndaleikstjóri og handritshöfundur Ernst Marischka sem orti ljóðið *In mir klingt ein Lied* við lag Chopins. Marischka skrifaði kvikmyndahandrit að nokkrum óperettum, þar á meðal *Leðurblökunni* og *Wiener Blut*. En Johann Strauss yngri á síðustu tvö verkin fyrir hlé *Im Krapfenwaldl* (Í Krapfskógi), op. 336 frá árinu 1869 og *Kaiserwalzer* (Keisaravalsinn), op. 437 saminn 1888. Krapfenwaldl er hluti af Vínarskógi (Wienerwald) og er rétt fyrir ofan hið fræga vínþorp Grinzing. Staðurinn er í dag þekktastur sem útivistarparadís. *Keisaravalsinn* var saminn í tilefni af heimsókn Franz Josefs I Austurríkiskeisara til Vilhelms II Þýskalandskeisara 1889. Valsinn hét upphaflega *Hand in Hand* (Hönd í hönd) en Fritz Simrock útgefandi Strauss fékk hann til að breyta titlinum í *Keisaravals* sem var diplómatisks lausn og skírskotar til beggja þjóðhöfðingjanna.

Til er ljósmynd frá árinu 1884 þar sem gefur að líta tvo fiðluleikara, kontragítarspilara og klarínnettuleikara spilandi fyrir þrúðbúna veislugesti sem hlusta af athygli. Meðal gestanna eru tvö þekkt andlit, vinirnir Johannes Brahms og Johann Strauss. Hér spilaði Das Wiener Schrammelquartett, kvartett sem var feykivinsæll á ofanverðri nítjándu öld. Eftir Johann Schrammel (1850-1893) liggja mörg verk en þeirra frægast er tvímælalaust marsinn *Wien bleibt Wien* (Vín er og verður Vín).

Franz von Suppé (1819-1895) skrifaði óperu sína *Pique Dame* (Spaðadrottningin) árið 1864 og var hún frumflutt í Graz sama ár. Efni þessarar óperettu hefur ekkert með smásögu Puschkins að gera sem varð Tsjajkovskíj kveikja að samnefnda óperu. Suppé samdi í kringum 30 óperettur sem flestar eru fallnar í gleymsku en forleikir margra þeirra lifa ennþá góðu lífi. Þeirra á meðal er forleikurinn að *Spaðadrottningunni*.

Eduard Strauss (1835-1916) var yngstur þeirra Straussbræðra. Hann nam meðal annars hörpuleik og gekk tvítugur til liðs við Strauss-hljómsveitina sem hörpuleikari. Árið 1862 hóf hann að stjórna eigin hljómsveit og hljómsveitum bræðra sinna en 1882 var hann skipaður stjórnandi hirðhljómsveitarinnar í Vín. Með henni kom hann fram í 840 borgum í tveimur heimsálfum. Þegar hljómsveitin var lögð niður í byrjun tuttugustu aldarinnar dró Eduard sig í hlé. Árið 1907 lét hann brenna allt nótnasafn Strauss-hljómsveitarinnar sem fyllti þrjá vagna. Í hrópandi ósamræmi við þennan gjörning er titill hraða polka hans *Mit Vergnügen* (Með ánægju), op. 228.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

„Við getum sagt að tónleikarnir sjálfir séu punkturinn yfir i-ð og að þessi punktur sé aldrei eins. Og hvernig á því stendur er ekki gott að segja. Það gerist alltaf eitthvað einstakt á hverjum tónleikum, myndast einhver stemning sem sprettur af samspili stjórnanda, hljómsveitar og hlustenda. Þetta er óútskýranlegt leyndarmál. Þetta er eins og samræður sem spretta fram sjálfkrafa og án undirbúnings.“
Úr blaðaviðtali 1983 þegar Willi Boskovski stjórnaði Vínartónleikum SÍ í annað sinn.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Þann 2. júní 1950 hljómuðu verk eftir Johann Strauss í fyrsta sinn á tónleikum hinnar nýstofnuðu Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Tónleikunum stjórnaði dr. Victor Urbancic og voru þeir haldnir í Þjóðleikhúsinu. Á efnisskránni voru verk eftir Mozart, Rossini, Mendelssohn og Strauss. Í umsögn sinni um tónleikana segir dr. Páll Ísólffson meðal annars: „Strauss-verkin og þá einkum forleikurinn að Leðurblökunni, voru prýðilega leikin og vöktu þau eins og raunar allir tónleikarnir mikla hrifningu meðal áheyrenda. Var dr. Urbancic hylttur ákaft, svo og hljómsveitin“.

„Pepi er hæfileikaríkari, ég er bara vinsælli.“ Þetta sagði Johann Strauss einhvern tíma um bróður sinn Josef sem jafnan var kallaður Pepi. Josef Strauss var vissulega afburðamaður á mörgum sviðum. Hann ætlaði aldrei að verða tónlistarmaður heldur nam tæknifræði við Tækniháskólann í Vín, stjórnaði meðal annars virkjunarframkvæmdum og fann upp vélræna götusópara. En ættarskyldan kallaði þegar bróðir hans Johann hafði ofgert sér á tónleikaferðalagi. Josef tók sér fiðlu í hönd og yfirtók stjórn Strausshljómsveitarinnar. Fyrsta valsasyrpan sem hann samdi hét „Þeir fyrstu og síðustu“ og meinti hann það bókstaflega en samt urðu verkin nær 300 talsins. Mörg þeirra bera vott um mikla viðkvæmni og fegurðarskyn en líka kraft og gleði eins og glöggt má heyra í valsasyrpu hans *Mein Lebenslauf ist Lieb' und Lust*, op. 263 (Lífshlaup mitt er löngun og ást).

Franz Lehár (1870-1948) samdi óperettuna *Paganini* með austurríska tenórinn Richard Tauber í huga. Hann söng þó ekki í frumuppfærslunni í Vín í október 1925 vegna anna við óperuhúsið í Stokkhólmi. Óperettan fékk daufar viðtökur Vínarbúa en vakti aftur á móti stormandi lukku í Berlín nokkru síðar og var sýnd samfleytt í þrjá mánuði með Tauber og Veru Schwarz í aðalhlutverkum. Þekktasta aría verksins er *Gern hab' ich die Frau'n geküsst* (Fúslega hef ég konurnar kysst). Lehár samdi um 40 sviðsverk, óperur, óperettur og söngleiki en einnig sönötur, sinfónísk ljóð, marsa og valsa. Þekktustu óperur hans eru *Káta ekkjan* og *Brosandi land* en aríur úr öðrum verkum hans eru fastagestir á tónleikum. Meðal þeirra er *Meine Lippen sie küssen so heiß* (Varir mínar, þær kyssa svo heitt) úr óperettunni *Giuditta* sem frumsýnd var í Ríkisóperunni í Vínarborg árið 1934.

Oft hefur verið sagt að valsasyrpan *An der schönen blauen Donau* eða *Dónárvalsinn* sé óopinber þjóðsöngur Austurríkismanna. Strauss samdi verkið árið 1866 fyrir Karlakór Vínarborgar (Wiener Männergesang-Verein) sem hann stjórnaði um árabíl. Ári síðar klæddi Strauss syrpu í þann búning sem við þekkjum í dag og var hún frumflutt á heimssýningunni í París 1867. Sama ár fór valsinn sigurför um víða veröld.

Carl Zeller (1842-1898) starfaði sem lögfræðingur og embættismaður og voru tónsmíðarnar einungis tólmstundagaman. Hann samdi meðal annars nokkrar óperettur en *Der Vogelehändler* eða *Fuglasalinn* hefur einn haldið nafni hans á lofti. Hulda Björk, Snorri og hljómsveitin undir stjórn Peters Guth ljúka efnisskránni með hinum gullfallega dúett *Schenkt man sich Rosen in Tirol* úr *Fuglasalanum*.

Sigurður Ingvi Snorrason

Grüß dich Gott, du liebes Nesterl
Úr „Wiener Blut“

Gräfin:

Grüß dich Gott, du liebes Nesterl,
Wie du warst, find' ich dich noch,
So wie einst ich dich verlassen,
Als mich drückt' das Ehejoch!
Oft, ach, schmollt' ich da im Erker,
Weil der Graf just mich gefreit!
Ach, wie oft an diesem Schreibtisch
Klage ich Mama mein Leid!
Wie hab' auf dir ich musiziert,
Armes Spinett, dich malträtiert!
Die Bibliothek! Mancher Roman,
Den man wohl liest,
Doch nicht erleben kann!
Alter Homer, Wieland, Voltaire
Euch hielt ich mir als Aufputz hier!
Was seh' ich da?
Da schau', ei, ei,
Casanova? Das ist mir neu! —
Mein Schlafgemach, es scheint wohl verlassen,
Alles ist so, wie's war.
Hier löst' ich zaghaft mein Myrthenkränzchen
Bebend aus dem Haar!
Hier nahm als Braut ich zitternd den Schleier
Zögernd vom Gesicht — — —
Und aus den Augen flossen die Tränen.
Na, heute heult' ich nicht!
Grüß dich Gott, du liebes Nesterl,
Wie du warst, find' ich dich noch,
So wie einst ich dich verlassen,
Als mich drückt' das Ehejoch!
Doch, wer weiß, es kann gelingen,
Daß du meine Neugier stillst,
Und ich doch was Neues finde,
Das du mir verbergen willst!

Victor Léon og Leo Stein

Komdu nú sælt, hreiðrið mitt kæra
Úr óperettunni „Vínarblóð“

Greifafrúin:

Komdu nú sælt, hreiðrið mitt kæra,
ég finn þig aftur eins og þú áður varst,
alveg eins og þegar ég yfirgaf þig einu sinni
þegar hjónabandsokið þrúgaði mig!
Æ, oft sat ég með ólund þarna í skotinu,
af því að greifinn var nýbúinn að biðja mín!
Æ, hve oft úthellti ég hörmum mínum
fyrir mömmu við þetta skrifborð!
Hve oft hef ég hamrað á þig tónlistina,
aumingja spinett, og farið illa með þig!
Bókasafnið! Hér er mörg skáldsagan,
sem við getum að vísu lesið,
en ekki lífað!
Gamli Hómer, Wieland, Voltaire
ykkur geymdi ég hér til skrauts!
Hvað sé ég þarna?
Sjáum nú bara, hvaða hvaða,
Casanova? Það er eitthvað nýtt! —
Svefnherbergið mitt, það virðist svo yfirgefið,
allt er alveg eins og það var.
Hér losaði ég kvíðin myrtuskransinn
skjálfandi úr hárinu!
Hér dró ég titrandi brúðarslæðuna
hikandi frá andlitinu — — —
Og tárin streymdu úr augunum.
Jæja, í dag var ég ekkert að grenja!
Komdu nú sælt, hreiðrið mitt kæra,
ég finn þig aftur eins og þú áður varst,
alveg eins og þegar ég yfirgaf þig einu sinni
þegar hjónabandsokið þrúgaði mig!
En hver veit, kannski það heppnist
að þú getir svalað forvitni minni,
og að ég geti fundið eitthvað nýtt,
sem þú ætlar að fela fyrir mér!

In mir klingt ein Lied

In mir klingt ein Lied, ein kleines Lied,
in dem ein Traum von stiller Liebe blüht
für dich allein.

Eine heiße, ungestillte Sehnsucht
schrieb die Melodie.

In mir klingt ein Lied, ein kleines Lied,
in dem ein Wunsch von tausend Stunden glüht,
bei dir zu sein.

Sollst mit mir im Himmel leben,
träumend über Sterne schweben,
ewig scheint die Sonne für uns zwei,
seh dich herbei
und mit dir mein Glück.

Hörst du die Musik,
zärtliche Musik ...

Ernst Marischka

Gern hab' ich die Frau'n geküßt

Úr „Paganini“

Paganini:

Gern hab' ich die Frau'n geküßt,
hab' nie gefragt, ob es gestattet ist;
dachte mir: nimm sie dir,
küß' sie nur, dazu sind sie ja hier!

Ja, glaub mir: Nie nahm ich die Liebe schwer.
Ich liebe heiß, doch treu bin ich nicht sehr,
bin ein Mann, nicht viel dran,
Liebchen fein: ich schau' auch andre an!

Ich kenn' der wahrhaften Liebe Glut,
ich weiß wie weh oft die Falschheit tut,
ich kenn' die Wonne, begonnen mit Freud,
ich sah ihr Wenden und Enden mit Leid!

Ich kenn' die Liebe in Dur und Moll,
ich kenn' sie selig, verrückt und toll,
ich schau' erwachend und lachend zurück
und such' im Rausche, im Tausche mein Glück!

Innra með mér hljómar söngur

Innra með mér hljómar söngur, dálítill söngur,
þar sem draumur um hljóðláta ást blómgast
fyrir þig aleinan.

Heit, óslokkuð þrá
samdi þetta lag.

Innra með mér hljómar söngur, dálítill söngur,
þar sem glóir ósk um þúsund stundir
til að vera hjá þér.

Þú skalt búa með mér á himinhæðum,
svífa í draumi yfir stjörnunum,
að eilífu skín sólin handa okkur tveimur,
óskaðu þér hingað
og hamingju minni með þér.

Heyrirðu tónlistina,
undurljúfa tónlist ...

Fúslega hef ég konurnar kysst

Úr „Paganini“

Paganini:

Fúslega hef ég konurnar kysst,
og aldrei spurt hvort það mætti;
hugsaði með mér: taktu þær handa þér,
kysstu þær bara, til þess eru þær!

Já trúið mér: Ég tók ástinni alltaf létt.
Ég elska heitt, en er trúfastur í hófi,
ég er karlmaður, það er lítil frétt,
vinan mín væna: ég horfi líka á aðrar.

Ég þekki glóð hinnar ósviknu ástar,
ég veit hve oft falsið veldur sárum,
ég þekki sæluna, sem hefst á gleði,
ég sá hana snúast og enda í kvöl!

Ég þekki ástina í dúr og moll,
ég þekki hana í sælu, tryllingi og sturlun,
ég lít hlæjandi um öxl er ég vakna
og leita gæfu í glaumi og tilbreytingu.

Gern hab' ich die Frau'n geküßt,
hab' nie gefragt, ob es gestattet ist;
dachte mir: nimm sie dir,
küß' sie nur, dazu sind sie ja hier!

Paul Knepler og Bela Jenbach

Meine Lippen, sie küssen so heiß
Úr „Giuditta“

Giuditta:

Ich weiß es selber nicht,
warum man gleich von Liebe spricht,
wenn man in meiner Nähe ist,
in meine Augen schaut und meine Hände küßt.
Ich weiß es selber nicht,
warum man von dem Zauber spricht,
dem keiner widersteht,
wenn er mich sieht, wenn er an mir vorüber
geht!

Doch wenn das rote Licht erglüht,
zur mittlernächt'gen Stund',
und alle lauschen meinem Lied,
dann wird mir klar der Grund:

Meine Lippen, sie küssen so heiß,
meine Glieder sind schmiegsam und weiß,
in den Sternen, da steht es geschrieben,
du sollst küssen, du sollst lieben!
Meine Füße, sie schweben dahin,
meine Augen, sie locken und glüh'n,
und ich tanz' wie im Rausch, denn ich weiß,
meine Lippen, sie küssen so heiß!

In meinen Adern drinn'
da rollt das Blut der Tänzerin,
denn meine schöne Mutter war
des Tanzes Königin im gold'nen Alcazar!
Sie war so wunderschön,
ich hab' sie oft im Traum geseh'n.
Schlug sie das Tambourin
zu wildem Tanz, da sah man alle Augen glüh'n!
Sie ist in mir auf's neu erwacht,
ich hab das gleiche Los.
Ich tanz' wie sie um Mitternacht,
und fühl' das eine bloß:

Fúslega hef ég konurnar kysst,
og aldrei spurt hvort það mætti;
hugsaði með mér: taktu þær handa þér
kysstu þær bara, til þess eru þær!

Varir mínar, þær kyssa svo heitt
Úr „Giuditta“

Giuditta:

Ég veit það ekki sjálf
hvers vegna menn tala strax um ást,
þegar þeir eru nálægt mér,
horfa í augu mér og kyssa hönd mína.
Ég veit það ekki sjálf,
hvers vegna menn tala um töfra
sem enginn getur staðízt,
þegar þeir sjá mig, þegar þeir ganga fram hjá
mér!

En þegar rauða ljósið logar
um miðnæturstund
og allir hlusta á sönginn minn,
þá skil ég ástæðuna.

Varir mínar, þær kyssa svo heitt,
limir mínir eru mjúkleiknir og hvítir,
og það stendur skrifað í stjörnunum,
þú átt að kyssa, þú átt að elska!
Fætur mínir, þeir svífa af stað,
augu mín, þau laða og ljóma,
og ég dansa eins og í vímu, því að ég veit,
að varir mínar, þær kyssa svo heitt.

Í æðum mínum
rennur dansmeyjarblóð,
því að móðir mín fagra var
drottning dansins í Alcazarhöll hinni gullnu!
Hún var svo undurfögur,
ég hef oft séð hana í draumi.
Þegar hún sló skellitrumbuna
í villtum dansi, þá sáust allra augu ljóma!
Hún hefur vaknað að nýju í mér,
mér hefur hlotnast sama hlutskipti.
Ég dansa eins og hún um miðnæturskeið,
og ég finn aðeins fyrir einu:

Meine Lippen, sie küssen so heiß,
meine Glieder sind schmiegsam und weiß,
in den Sternen, da steht es geschrieben,
du sollst küssen, du sollst lieben!
Meine Füße, sie schweben dahin,
meine Augen, sie locken und glüh'n,
und ich tanz' wie im Rausch, denn ich weiß,
meine Lippen, sie küssen so heiß!

Paul Knepler og Fritz Löhner

Schenkt man sich Rosen in Tirol
Úr „Der Vogelhändler“

Adam:

Schenkt man sich Rosen in Tirol,
Weißt du, was das bedeuten soll?
Man schenkt die Rosen nicht allein,
Man gibt sich selber auch mit drein!
Meinst du es so, verstehst du mich?
Meinst du es so, so tröste mich,
Gib mit der Rose mir auch dich!

Kurfürstin:

Schenkt man sich Rosen in Tirol,
Weiß man was das bedeuten soll;
Doch trifft der Brauch bei uns nicht ein,
Wir sind am Rhein, bedenk, am Rhein!

Adam:

Mir winket neues Liebesglück
Aus ihrem holden Blick.
Ja, ja, die Rosen sind mein,
Die Rosen nicht allein.

Kurfürstin:

Doch vielleicht bring' ich dir Glück,
Drum nehm ich die Rosen nicht zurück,
Ja, die Rosen seien dein,
Doch die Rosen nur allein!

Ludwig Held og Moritz West

Varir mínar, þær kyssa svo heitt,
limir mínir eru mjúkleiknir og hvítir,
og það stendur skrifað í stjörnunum,
þú átt að kyssa, þú átt að elska!
Fætur mínir, þeir svífa af stað,
augu mín, þau laða og ljóma,
og ég dansa eins og í vímu, því að ég veit,
að varir mínar, þær kyssa svo heitt.

Þegar rósir eru gefnar í Tíról
Úr „Fuglasalanum“

Adam:

Þegar rósir eru gefnar í Tíról,
veiztu, hvað það á að merkja?
Það eru ekki bara rósirnar sem eru gefnar,
menn gefa sjálfa sig líka með!
Meinarðu það þannig, skilurðu mig?
Meinarðu það þannig, huggaðu mig þá,
gefðu mér sjálfa þig ásamt rósinni!

Kjörfurstafrúin:

Þegar rósir eru gefnar í Tíról,
þá vita menn hvað það á að merkja:
En sá siður á ekki við hjá okkur,
Við erum við Rínarfljót, mundu, við Rín!

Adam:

Ný ástarsæla bandar mér til sín
úr fögru augnaráði hennar.
Já, já, rósirnar eru mínar,
og ekki bara rósirnar.

Kjörfurstafrúin;

En kannski færi ég þér hamingju,
þess vegna tek ég rósirnar ekki aftur.
Já, rósirnar skulu vera þínar,
en ekkert nema rósirnar.

Íslenzkar þýðingar gerði Reynir Axelsson

Hljómsveit á tónleikum

10., 11. & 12. janúar 2013

1. FIDLA

Sif Margrét Tulinius
Zbigniew Dubik
Hildigunnur Halldórsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Pálína Árnadóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Mark Reedman
Margrét Kristjánsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. FIDLA

Ari Þór Vilhjálmsson
Roland Hartwell
Ólöf Þorvarðsdóttir
Þórdís Stross
Margrét Þorsteinsdóttir
Sígurlaug Eðvaldsdóttir
Christian Diethard
Gerhild Hammer
Kristján Matthíasson
Greta Salome Stefánsdóttir

VÍÓLA

Svava Bernharðsdóttir
Sarah Buckley
Ásdís H. Runólfsdóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Vigdís Másdóttir
Stefanía Ólafsdóttir
Eyjólfur Alfreðsson
Sesselja Halldórsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Auður Ingvadóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Margrét Árnadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson

BASSI

Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn

FLAUTA

Martial Nardeau
Emilía Rós Sigfúsdóttir

ÓBÓ

Peter Tompkins
Eydis Franzdóttir

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Brjánn Ingason
Darri Mikaelsson

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jónsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Jón Halldór Finnsson
Einar Jónsson

TÚBA

Finnbogi Óskarsson

HARPA

Katie Buckley

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Kjartan Guðnason



ENNEMM / SJIA / NM54421

Forvarnir eru málið þegar tryggingar snúast um fólk!

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

VÍS

GAMMA er einn af aðalstyrktaraðilum Sinfóníuhljómsveitar Íslands



GAMMA er óháð fjármálafyrirtæki sem rekur fjölbreytt úrval
verðbréfa- og fagfjárfestisjóða

Klapparstígur 29, 101 Reykjavík, Sími 519 3300, www.gamma.is



GAMMA

GAM Management hf